

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi Skarðhliðar, 2. áfanga, Bjargsskarð 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 28. október 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi er nær til lóðarinnar við Bjargsskarð 5.

Í breytingunni felst að bílastæði innan lóðar eru færð til og gert er ráð fyrir bílageymslu þar við. Bílageymsla verður inndregin til að gæta að fjarlægð við götu.

Byggingarreitir efri hæðar færast sem nemur 3 m til vesturs. Að öðru leyti gilda skilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 10. september - 15. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 9. nóvember 2020.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir.**